

# Bláfáninn




Blue Flag er alþjóðleg umhverfisstund sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og ferðapjónustubátum sem standast strangar kröfur varðandi umhverfismál, öryggi og fræðslu. Nú stendur bátaeigendum einnig til boða að taka beinan þátt í verkefninu.

## BLUE FLAG

Meginmarkmið Bláfánans er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Bláfáninn er táknið um góða frammistöðu í umhverfismálum og bætir ímynd og ásýnd rekstraraðila þar sem hann blaktir við hún. Vottunarstofan Tún fer með umsjón Bláfánans á Íslandi.

## Viltu leggja þitt að mörkum til verndar náttúrunni?



Ef þú ert eigandi skemmtibáts sem leggur sérstaka áherslu á betra umhverfi getur þú skrifað undir siðareglurnar og flaggað Bláfánaveifunni. Þú færð Bláfánaveifu fyrir bátinn þinn og lýsir með því yfir að þú fylgir þessum reglum og að þér sé annt um hafið og strandlengju okkar.

## Hefur þú áhuga á að fá bláfánaveifu á bátinn þinn?

Það er mjög einfalt, hafðu samband við hafnarvörð og hann mun útskýra ferlið.

Siðareglur Bláfánaveifunnar má nálgast á [www.blafaninn.is](http://www.blafaninn.is)

Hafnarstjóri.